

## +FUNDUR Í FRAMKVÆMDARÁÐI SNÆFELLSNESS

17. fundur ráðsins haldinn

mánudaginn 19. mars 2007 kl. 13:00 – 16:00

í Samkomuhúsi Grundarfjarðar

Á fundinn mættu:

Róbert Stefánsson, fulltrúi Stykkishólmsbæjar, [robert@nsv.is](mailto:robert@nsv.is),

Eyþór Björnsson, fulltrúi Snæfellsbæjar, [eythor@snb.is](mailto:eythor@snb.is),

Guðrún Lára Pálmadóttir, varafulltrúi Þjóðgarðins Snæfellsjökuls, [gudrunp@ust.is](mailto:gudrunp@ust.is),

Hildibrandur Bjarnason, fulltrúi Helgafellssveitar, [hildibrandur@simnet.is](mailto:hildibrandur@simnet.is),

Hrefna Birgisdóttir, fulltrúi Eyja- og Miklaholtshrepps, [vegamot@esso.is](mailto:vegamot@esso.is),

Ragnhildur Sigurðardóttir, fulltrúi Snæfellsbæjar, [ragnhildur.umhverfi@simnet.is](mailto:ragnhildur.umhverfi@simnet.is),

Sólrún Guðjónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, [solrun@fsn.is](mailto:solrun@fsn.is),

Þórey Jónsdóttir, fulltrúi Grundarfjarðarbæjar, [thorey@ragnarogasgeir.is](mailto:thorey@ragnarogasgeir.is),

Þórunn Sigþórsdóttir, starfsmaður framkvæmdaráðs, [thorunn@nsv.is](mailto:thorunn@nsv.is)

### Dagskrá fundar:

1. Staða verkefnisins í heild
2. Skýrsla Stan Rodgers
3. Ráðning umhverfisfræðings
4. Bæklingur og heimasíða
5. Nýr samningur við Þórunni
6. Skilti við Kambsskarð
7. Vörumerkið Snæfellsjökull
8. Önnur mál

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

### Staða verkefnisins í heild

Þórunn fór yfir stöðuna. Árskýrsla 2006 er komin úr prentun og fer í dreifingu næstu daga. Framkvæmdaáætlun er tilbúin en næsta skref væri að vinna leiðir að markmiðum. Verið er að afla talna vegna viðmiðana, ferðabæklingur og heimasíðan nær tilbúin.

## Skýrsla Stan Rodgers

Róbert fór yfir skýrslu Stans. Þótt ýmislegt hafi verið í góðu lagi þegar úttektin fór fram í mars 2006, gerði hann margar athugasemdir. Sumum þeirra hefur þegar verið kippt í lag en töluvert vantar enn upp á að allar hafi verið uppfylltar. Meðal þeirra atriða sem Stan gerði athugasemdir við en enn á eftir að laga er:

Í upphafi, þar sem Stan fjallar um kröfur vegna viðmiða, veltir hann fyrir sér hvort allir sjálfbærnivísarnir sem notaðir eru, t.d. um loftgæði, eigi við á Snæfellsnesi og nefnir nokkra mögulega vísa til viðbótar, sem taka tillit til sérstöðu svæðisins, þ.á.m.:

- \* Þyrfti að hafa vísa yfir ástand sjávar. Þótt kveðið sé á um að kanna þurfi og vakta ástand ferskvatns (stöðuvatna, áa og lækja) er ólíklegt að gæði þess sé ábótavant þar sem áburðargjöf og mengun frá landbúnaði er líklega fremur lítil hér. Hins vegar er mikilvægara fyrir okkur að fylgjast með að vatnsgæði í sjónum við þéttbýlið uppfylli skilyrði. Því væri e.t.v. réttara að vakta skólpmengun í sjó og sjá til þess að hún sé í samræmi við starfsleyfi fráveitna. Engin starfsleyfi hafa þó enn verið gefin út vegna fráveitna á Snæfellsnesi þar sem þær uppfylla ekki íslenskar reglugerðir.
  - \* Svæði sem tekin eru til skógræktar. Er vandað valið? Er verið að taka undir skógrækt landsvæði sem ekki henta sérstaklega til þess? Hefur skógræktin neikvæð áhrif á annað lífríki?
  - \* Hvernig er tekið á utanvegaakstri? Eru sérstakar ráðstafanir gerðar til að draga úr honum?
  - \* Útrýming innfluttra tegunda s.s. lúpínu og minks. Hvaða aðgerðum er beitt og hvaða árangri skila þær?
  - \* Endurheimt votlendis. Hversu mikið hefur verið framræst og hvað er gert til að endurheimta?
- 1.4 Umræða um virkjun almennings. Nauðsynlegt að sýna fram á aðkomu almennings að verkefninu. Við þurfum að geta brotið verkefnið niður í smáar einingar svo það nái til almennings og auðveldi framgang verkefnisins.

- 1.6 Í reynd er Framkvæmdaráðið ekki hluti af sveitarfélögunum heldur stendur of mikið til hliðar við þau. Sjálfbærnistefnan þarf að vera hluti af daglegri ákvarðanatöku hjá sveitarfélögunum. Í fjárhagsáætlun þarf að koma fram hvaða verkefni stuðli að sjálfbærri þróun. Merkja þarf í bókhaldi þessi verkefni og t.d. framkvæma innkaup í samræmi við sjálfbærnistefnu og framkvæmdaáætlun. Við ákvarðanatöku þurfa stjórnendur að hafa sjálfbæra þróun að leiðarljósi eða geta réttlætt að önnur sjónarmið hafi vegið þyngra og því kostir verið valdir sem ekki stuðluðu að sjálfbærri þróun.
- 4.5 Marka stefnu í hönnun mannvirkja og notkun umhverfisvænna efna í byggingareglugerðum.
- 4.8 Vanda þarf til og skrá starfsþjálfun þeirra starfsmanna sveitarfélaganna er afla upplýsinga og halda utan um mælanlegan árangur verkefnisins.
- 4.12 Endurmeta þarf reglulega virkni Framkvæmdaráðsins. Hvort það hafi fylgt eftir markmiðum sínum.

### **Ráðning umhverfisfræðings**

Rætt var um hvernig stuðla mætti að betri framgangi verkefnisins. Formaður lagði fram minnisblað um mögulega ráðningu umhverfisfræðings í fullt starf hjá sveitarfélögunum á Snæfellsnesi. Minnisblaðið var rætt og nokkrar minni háttar breytingar gerðar á því. Samþykkt var að leggja til við sveitarstjórnirnar að ráðinn yrði til starfa umhverfisfræðingur í fullu starfi. Róbert og Þórunn munu kynna málið fyrir sveitarstjórnunum.

### **Bæklingur og heimasíða**

Hrafnhildur J. Jónasdóttir vinnur að endurgerð heimasíðunnar [www.snaefellsnes.com](http://www.snaefellsnes.com). Þórunn fór yfir stöðu heimasíðugerðarinnar sem er á lokastigi. Nýr ferðabæklingur verður tilbúinn um mánaðamótin mars-apríl.

## **Nýr samningur við Þórunni**

Frá áramótum hefur Þórunn unnið umfram vinnuskyldu sína, skv. munnlegu samþykki sveitarstjóra. Ganga þarf frá uppgjöri á þessari vinnu. Róbert mun gera drög að því uppgjöri og fá samþykki Framkvæmdaráðsins til að innheimta þann kostnað.

## **Skilti við Kambsskarð**

Sæmundur Kristjánsson hefur unnið drög að texta á skiltin. Til þessa verkefnis hefur Framkvæmdaráðið 750 þús. kr. til ráðstöfunar, sem aflað hefur verið með styrkjum. Næst á dagskrá er að vinna textann og hanna skiltin. Guðbjörg lagar textann til og sendir Framkvæmdaráðinu til yfirlstrar.

## **Vörumerkið Snæfellsjökull**

Ósk hefur komið frá bæjarstjórn Grundarfjarðar að Framkvæmdaráðið sækji um vörumerkið Snæfellsjökull. Framkvæmdaráðinu líst vel á þessa tillögu og mun Þórunn kanna kostnað og annað vegna þessa.

## **Önnur mál**

1. Róbert kynnti erindi til sveitarfélaganna frá Höfuðborgarstofu, þar sem boðin er til sölu kynning á Snæfellsnesi auglýsingaskjá. Framkvæmdaráðið fagnar þessu og telur æskilegt að sveitarfélögin sameinist um að kaupa 40 sekúnda auglýsingu. Róbert hafði samband við Magnús Magnússon (Emmson film), kvikmyndagerðarmann, og fékk frá honum tilboð upp á 250.000 í gerð 40 mínútna kynningarmyndbands um svæðið. Ekki yrði um nýjar tækur að ræða þar sem Magnús á mikið myndefni af svæðinu.

Framkvæmdaráðið telur þetta mjög gott tilboð sem sveitarfélögin ættu að nýta sér. Kostnaður vegna auglýsingarinnar verður greiddur beint af sveitarfélögunum en ekki af Framkvæmdaráðinu.

2. Sólrún sagði frá myndum sem Bæring Cecilsson gerði fyrir sjónvarpið og geymdar eru í Kvikmyndasafni Íslands. Þetta efni getur verið spennandi fyrir sveitarfélögin. Þegar er búið að setja hluta efnisins á stafrænt form.

Fundarritari

Eyþór Björnsson